


C Q T F



Ætlunin er að efna til ævintýraferðar vestur í Otradal og heimsækja Þorvald TF4M. Þar mun Þorvaldur fræða menn um staðinn og Villi TF3DX og hugsanlega Kristján TF3KB halda fyrirlestur um loftnetin Sjá nánar á blaðsíðu 15 í blaðinu.

Myndina tók TF4M

Í þessu blaði

2. tbl.
24. árg.
maí 2006



Frá ritstjóra	2
Frá formanni	3
TF3AM í CQ WPX SSB í mars 2006	4
Fundargerð stjórnarfundar	6
Félagatal Í.R.A. 2006	7
Ársreikingur Í.R.A. 2005/2006	10
Staður eða maður	11
Iðrun QSL syndgara	13
Tillaga að lagabreytingu	15
Ævintýraferð í Otradal	15
Aðalfundur Í.R.A. 2006	16

Viðtakandi

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- a. Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.*
- b. Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.*
- c. Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum*
- d. Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.*
- e. Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.*
- f. Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsóknna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.*
- g. Örvra radióþróttir meðal radióamatöra.*
- h. Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmætahjóðaraudlind.*
- i. Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíó meðal ungs fólks.*

Ístjórn ÍRA 2005-2006 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform.: Þór Þórisson TF3GW
Ritari: Bjarni Sverrisson TF3GB
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Sveinn B. Sveinsson TF3SNN
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG
Varam.: Hrafnkell Eiríksson TF3HR

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í þjónustumíðstöð ÍTR að Skeljanesi í Reykjavík og eru fundir þar á hverjum fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Talhöf ÍRA hefur verið lagt niður.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni: <http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradíó

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



TF5BW

Sælir félagar og gleðilegt sumar. Þótt það sé svo sem ekki í frásögur færandi þá brá ég mér yfir pollinn og heimsótti OZ land um páskana og er þetta í fyrsta skipti á ævinni sem ég hef mig lengra en til frænda minna í Færeyjum. Ástæðan var sú að starfsmannafélagið þar sem ég vinn ákvað að fara til Kaupmannahafnar og halda árshátíð og hrella Dani í nokkra daga um leið. Fyrirtækið studdi myndarlega við bakið á okkur þannig að kostnaður varð ekki úr hófi og aðalkosturinn var að flogið var beint frá Akureyri svo að ekki þurfti maður að keyra í marga klukkutíma til að komast heim heldur var sestur við eldhúsbordið fimm mínútum eftir að maður var komin út úr flugstöðinni.

Ekki var nú annað hægt úr því maður var komin þarna en að líta aðeins á fjarskiptatæki og fjárfesta í einu slíku. Leit ég við í Betafon hjá honum Klaus og fór frá honum eftir svolitla stund með eina VHF/UHF stöð. Klaus gefur ekki út "Tax Free" nótur en sagði mér að ég þyrfti að koma við hjá tollinum á flugvellingum og fá nóturna stimplaða til að fá skattinn til baka. Og þar með byrjuðu vandræðin það er að segja þegar ég var að fara heim aftur. Sökum vankunnáttu þá skráði ég mig inn og fór uppá efri hæðina þar sem brottfararfarþegar eru og friðhöfnin og fór þar að leita að tollinum en var sagt mér til mikillar ánægu eða hitt þó heldur að tollurinn væri niðri á jarðhæðinni og maður þyrfti að fara þangað áður en að maður skráir sig inn. Nú voru góð rá dýr en niðurgöngu fann ég og tollinn og fékk mína nótu stimplaða fyrir rest og fór síðan upp aftur. En ég er reynslunni ríkari og veit hvernig á gera þetta næst ef einhvern tíma af því verður.

Því var gauskað að mér ágætur heiðursfélagi okkar Eggert Steinsen TF3AS hefði fyrir nokkru síðan verið skipaður heiðursfélagi í Rótaryklúbb Kópavogs og vil ég nota þetta tækifæri til að óska honum til hamingju.

Ársreikningar Í.R.A. birtast nú í blaðinu fyrir aðalfund og eru þeir birtir með þeim fyrirvara að aðalfundur á eftir að samþykkja þá og gætu þeir því breyst.

73 de TF5BW

CQ TF maí 2006

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



TF3HP

Ágætu félagar
Gleðilegt sumar og
hafið þökk fyrir
veturinn.

Ég hef stundum sagt
hér í þessum pislum
mínum að heimurinn
sé sífellt að minnka

og sannanlega má það segja. En þó er það eins og á stundum að þá sé hann ekki eins nálægt og við vildum helst hafa. Til dæmis hvernig okkur hefur gengið að fá upplýsingar um hvað er að gerast í heimi amatöra og þar á ég við hvernig er upplýsingastreymi frá IARU til okkar og hvernig notfærum við þær upplýsingar.

Þetta fengum við að reyna nýlega þegar við fengum heimsókn frá einum IRAU toppnum PB2P sem reyndar var hér í öðrum erindagjörðum. Yfir kaffibolla fengum við skýringar á mörgu sem við höfðum heyrt á skotspónum en vissum ekki endilega hverig væri tilkomið. Fregnir frá síðustu IARU ráðstefunni. Var þetta hin ánægjulegasta stund og einkar fróðleg fyrir okkur. Eftir að við höfðum rætt margt og mikið og sérstaklega hvað okkur sýndist við vera í litlu sambandi við IARU stjórnina lofaði hann að taka þetta upp á næsta fundi sem átti að halda stuttu seinna.

Eitt af þeim málum sem kom upp á
CQ TF maí 2006

borðið voru CEPT málin og hvernig þau hafa þróast og hvernig hinar ýmsu þjóðir túlka þær á sinn hátt. Ég hef áður rætt um mál sem hér kom upp fyrir tveim árum og varðaði norkun á kallmerjum hvort nota eigi TFX/xxx erða ekki og eftir að við höfðum bent á að í sumum heimasíðum nággranna okkar í Evrópu voru rangar upplýsingar um kallmerkjanotkun og það að við hefðum án árangurs reynt að fá því breytt lofaði hann að taka þetta upp.

En það er ekki nóg að við séum að fjalla um útlendinga við verðum sjálfir að fara eftir þeim reglum sem okkur er gert að fara eftir. Mér finnst að undanförunu hafi menn slegið nokkuð af því að nota kallmerkin sín á milli og þá er ég að tala um þegar við höfum verið á “innanlandstíðninni” 3633 en þó við vitum hvernig á að nota kallmerkin þá þurfum við líka að gera okkur það ljóst að það eru aðrir sem hlusta og þeir þekkja okkur ekki nema við notum kallmerkin.

Næsti aðalfundur verður væntanlega 20 maí og fyrir liggur að breytingar verða í stjórn Í.R.A. enda tímabært að fara fá nýja menn við stjórnvölin. Enda hollt að fá nýja menn með ferskar hugmyndir.

Með bestu kveðjum
Haraldur Þórðarson TF3HP

TF3AM í CQ WPX SSB í mars 2006

Andrés Þórarinnsson TF3AM




TF3AM

Ég hafði nokkurn viðbún- að vegna þessarar keppni og vildi gjarnan ná góðu skori. Eins og áður, þá ætlaði ég að operera frá litla húsinu í Grafningnum, þar sem ágætt svæði fyrir loftnet, opið í allar áttir og ekkert suð, en ekkert rafmagn heldur.



Mynd: Búnaðurinn kominn út bílnum og bíður þess að verða ekið í hjólbörunum síðasta spölinn. Rafgeymarnir voru komnir áður.



Mynd: Rafgeymarnir fyrir magnarann komnir á sinn stað

Það þarf þó nokkurt rafgeymafl til að keyra yfir heila helgi og það með 500W magnara og tölvu. Ameritron magnarinn er reyndar ekki alveg 500W en skilar þó 300W toppafla ef marka má mælinn. En þá

þarf hærri spennu en 12V sem fæst frá rafgeymum. Ég hafði þess vegna bætt við 2V geymum til að lyfta spennunni í 14V. Allir þessir rafgeymar eru ekki hættulausir og það þarf lítið að bregða út af til að gott skammhlaup verði og jafnvel talsverður skaði. Ég setti því öryggi á allar leiðslur og Anderson Powerpol tengi inn á 12V/14V dreifinguna sem tengdi allt saman, þetta tók mig margar vikur.

Loftnetið er lóðréttur dípóll með 6m leggjum og þeim neðri haldið 3m frá jörðu, alls 15m að hæð. 450 ohma opin lína er tekin úr miðjunni og alveg inn í balanseraðan tjuner og þannig get ég farið út á öllum böndum og hef ágætt samband í allar áttir. Ég er með aðra stöng í undirbúningi fyrir neðri böndin sem einnig er lóðréttur dípóll, 21m að hæð með hatti uppi og niðri, en ekki vannstími til að ljúka því verkefni.

Ég var ekki tilbúinn fyrr en um hádegi á laugardeginum, en skilyrðin voru heldur slök. Og það sem verra var, eingöngu 20m voru opnir og þar voru allir, mikil þrængsli og margir háværir og ekkert pláss fyrir mig. Ég fór á milli og veiddi og það gekk vel, flestir svöruðu í fyrsta kalli. Svo kom að því, um 2 leitið komst ég í gang og hélt tíðninni og þá komu 100 sambönd þann klukkutímann, allt í austurátt. Einn og einn Kani og Kanadamaður slæddust síðan inn en það opnaðist aldrei almennilega í vestur. K1 20 voru komin 356 sambönd á 20m.

40m voru sáemilegir næstu 90 mínútur til Evrópu og nokkur sambönd voru á 80m en síðan voru 20m opnir til Suður-Ameríku, og eitthvað aðeins til Evrópu og til Bandaríkjana. Þegar ég hætti liðlega 10 um kvöldið voru komin 405 sambönd.


Ég byrjaði á 40m upp úr 5 á sunnudagsmorgun, en síðan náði ég tíðni á 20m og gekk vel. Og í dagrenningu heyrðust fjarlægjar stöðvar, fyrst Nýja Sjáland (ZL1ANJ), síðan Ástralía (AX3MCG og VK3MO) og svo Japan. Ég var auðvitað alveg á haus við að landa þeim, þeir voru vel læsilegir þrátt fyrir alla trafikina allt í kring og skvaldrið á tíðninni. Þetta var öldungis alveg stórkostlegt.

Svo dróg úr möguleikunum, nánast allir sem ég heyrði í voru þeir sem ég hafði áður haft samband við, og ef ég lagðist í að kalla, þá virtist enginn heyra. Kl 2 var komið nóg, alls 679 sambönd sem var alveg viðunandi.

Alls voru 6 sambönd á 80m, 50 sambönd á 40m, 578 sambönd á 20m og 45 sambönd á 15m. Forskeyti urðu 420 og stigin 426þ. Í safnið mitt bættust 4 zonur, 182 forskeyti og 8 ný lönd.

Ég kannaði hvernig aðstæður voru þegar sambandið náðist við Nýja-Sjáland. Þá var


Mynd: Sambandið við Nýja Sjáland sunnud. 26.03.2006 kl 07:12 var um gráa svæðið.



Mynd: Styrkur norðurljósa var lítill á sunnudagsmorgun þegar sambandið náðist við Nýja Sjáland.


birting á Íslandi en nóttin að falla á suður í Auckland. Sambandið varð því um gráa svæðið, sem oft þykir gefa afar góðan árangur. Gráa svæðið er bein lína um öll þau lönd sem eru á mörkum dags og nætur hverju sinni og svæðið færast til með árstíðum.

Þetta var hin besta skemmtan og ágæt




æfing í því að fara með allan búnað út á mörkina.

73 de TF3AM, Andrés



Mynd: K-stuðullinn var aðeins 0 – 1 þegar sambandið náðist við Nýja Sjáland.



Mynd: Segulsviðið var ágætlega kyrrt allan sunnudaginn.

Fundargerð stjórnarfundar Ársael Óskarsson TF3AO



TF3AO

Stjórnarfundur haldinn í Skeljanesi 2. mars 2006. Fundurinn hófst kl. 19:00. Mættir voru: TF3HP, TF3GW, TF3SNN, TF3HR, TF3AO og TF3GB.

TF3HP hóf fundinn með umræðu um hvaða efni skyldi notað til námskeiðs.

TF3HR lagði fram fyrirspurn um hvað hefði legið að baki svo skjótri ákvörðun um að námskeið yrði haldið. TF3HP og TF3GW svöruðu því til að það hefði ýtt undir að meðlimir alþjóðahjálparsevitarinnar hafi sýnt því áhuga að ná sér í réttindi sem radióamatörar. Rætt var um hvort að 4 vikur væru nægur tími til að halda námskeið. Færð voru rök fyrir því að það námsefni sem yrði farið yfir væri höfðað til þeirra sem hefðu hug á að ná sér í N-leyfi. TF3HP sagðist vera tilbúinn til að sjá um að ljósrita efni til námskeiðsins.

TF3AO sagði frá heimsókn stjórnarmanns IARU R1, Hans, PB2T. Hefði sú heimsókn leitt ýmislegt fróðlegt í ljós og lýstu orð Hans, kannski einna best ástandinu. Sagði hann að það væri erfitt að gera sér grein fyrir hversu einangradir við værum frá störfum annarra félaga í R1, nema að hafa komið hingað og rætt málin. Fundi var slitið kl. 19:50.

Fundargerð ritaði TF3AO.

**Gjaldkeri minnir
á félagsgjöldin**

Félagatal Í.R.A. 2006



Í.R.A.
Íslenskir Radióamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík

Formaður Í.R.A. er Haraldur Þórðarson TF3HP

**Félagsheimili Í.R.A. er í Þjónustumiðstöð ÍTR
að Skeljanesi í Reykjavík**

Heiðursfélagar Í.R.A. eru

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Ásgeir Magnússon	TF3AB	Silent Key			
Eggert Steinsen	TF3AS	Furugrund 26	200 Kópavogur	554 1857	eggerts@mmedia.is
Guðjón Einarsson	TF3AC	Silent Key			
Ingi Sveinsson	TF3SV	Silent Key			
Sveinn Guðmundsson	TF3T	Aðalstræti 8	101 Reykjavík	551 0907	sg@vak.is
Þorsteinn Gíslason	TF6GI	Silent Key			
Þórhallur Pálsson	TF5TP	Silent Key			

Almennir félagar

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Andrés Þórarinnsson	TF3AM	Hjarðarlandi 7	270 Mosfellsbær	566 7190	andres@vista.is
Arngrímur Jóhannss.	TF3AD	Leirutanga 6	270 Mosfellsbær	566 6801	
Atli Þór Þorsteinsson	TF3IPN	Skipholti 39	105 Reykjavík	552 8840	atlithor@internet.is
Axel Sölvason	TF3AX	Hraunbæ 44	110 Reykjavík	567 1860	axels@hi.is
Ágúst Bjarnason	TF3OM	Holtsbúð 44	210 Garðabær	565 7722	agust@rt.is
Ágúst Guðmundsson	TF3AGN	Austurbrún 24	104 Reykjavík	553 2998	
Árni S. Jóhannsson	TF3OKT	Tunguheiði 6	200 Kópavogur	567 0215	
Ársæll Óskarsson	TF3AO	Lækjasmára 78	201 Kópavogur	564 5760	tf3ao@simnet.is
Ásbjörn Harðarson	TF3LA	Þinghólsbraut 40	200 Kópavogur	554 7477	tf3la@amsat.org
Ásgeir H. Sigurðsson	TF3TV	Gullengi 5 P	112 Reykjavík	551 2337	
Ásgeir Örn Rúnarsson	TF3AI	Hrafnhólum 6	111 Reykjavík	557 4963	asgeir@aukaraf.is
Baldur Þorgilsson	TF3BP	Grænuhlíð 10	105 Reykjavík	552 2343	baldur@kine.is
Baldvin Þórarinnsson	TF3-033	Þórsmörk	210 Garðabær	555 0608	
Benedikt Guðnason	TF3TNT	Þingáasi 8	108 Reykjavík	553 4679	bennig@simnet.is
Bergur Axelsson	TF3BX	Þingási 37	110 Reykjavík	567 2108	
Bernhard Svavarsson	TF3BS	Huldulandi 9	108 Reykjavík	553 9032	bern@centrum.is
Birgir Aðalsteinsson	TF5BY	Furulundi 2E	600 Akureyri	893 6699	birgira@haf.is
Birgir Birgisson	TF3CNN	Funafold 15	112 Reykjavík	660 4090	Funafold15@vortex.is
Bjarni Sverrisson	TF3GB	Hnjúkaseli 4	109 Reykjavík	557 8293	tf3gb@islandia.is
Bjarni Þ. Magnússon	TF3BM	Melbæ 5	110 Reykjavík	557 5653	tf3bm@isl.is
Bragi Reynisson	TF3ETN	Gauksási 3	221 Hafnarfjörður	867 0043	ljoss@xnet.is
Brynjólfur Jónsson	TF5BW	Pósthólf 121	602 Akureyri	462 3058	tf5bw@nett.is
Bæring Björgvinsson	TF3PAN	Þórðarsveigi 4	113 Reykjavík	557 8565	bazzi@simnet.is
Davíð Steinn Geirsson		Hábergi 5	111 Reykjavík	869 6608	davidgeirs@gmail.com
Dofri Jónsson	TF3DJ	Grænuhlíð 4	105 Reykjavík	895 6508	sun@heaven.is
Elís Jónsson	TF3EX	Háahvammi 6	220 Hafnarfjörður	555 2002	elis@thi.is
Erling Guðnason	TF3EE	Álftram. 14, 4HV	108 Reykjavík	568 7781	erlingg@simnet.is
Eysteinn F. Arason	TF3EF	Miðtúni	861 Hvolsvöllur	555-4435	

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Finnur Tómasson	TF3FT	Reyrengrí 19	112 Reykjavík	456 7282	tf4ft@simnet.is
Fríðrik Á. Pálmason	TF8FP	Garðbraut 47	250 Garður	422 7050	kristjv@mi.is
Fríðrik Kristjánsson	TF3FK	Eimarnesi 42 A	101 Reykjavík	552 6132	tf3fk@isl.is
Garðar Skarphéðinss.	TF3GTN	Viðiteigi 34	270 Mosfellsbær	893 0082	gasli@islandia.is
Georg Kulp	TF3MSN	Vættaborgum 21	112 Reykjavík	893 6314	kulp@simnet.is
Georg Magnússon		Bjargartanga 1	270 Mosfellsbær	566 7414	gemag@simnet.is
Gísli G. Ófeigsson	TF3US	Mávahlíð 21	105 Reykjavík	551 8023	tf3lio@sigling.is
Gísli Jónsson		Kambsvægi 16	104 Reykjavík	699 2961	gisli@hi.is
Gísli Páll Jónsson		Sæviðars. 4 kj.	105 Reykjavík	896 2468	gisli@grgolf.is
Guðlaugur Ingason	TF3GN	Efstalundi 3	210 Garðabær	565 6046	
Guðmundur Haraldsson		Ölduslóð 42	220 Hafnarfjörður		gdh@simnet.is
Guðmundur Gunnarss	TF3GG	Erluási 13	221 Hafnarfjörður	565 3336	gg@farice.is
Guðmundur Hjálmtýsson		Arkarholti 15	270 Mosfellsbær		verktakar@simnet.is
Guðmundur Sigurðss	TF3GS	Miðvangi 117	220 Hafnarfjörður	555 0100	gummi117@visir.is
Guðmundur Sveinsson		Bauganesi 7	107 Reykjavík	896 0814	dn@simnet.is
Halldór Christensen	TF3GC	Móafliót 8	210 Garðabær	565 7354	tf3gc@simnet.is
Hans Jacob Utne	TF8BK	Borgarvegi 22	260 Njarðvík	421 3630	tf8bk@simnet.is
Haraldur H. Þráinsson	TF3TR	Klyfjaseli 24	109 Reykjavík	849 1990	hth3@hi.is
Haraldur Sigurðsson		Miðvangi 159	220 Hafnarfjörður	565 3330	haraldurs@simnet.is
Haraldur Þórðarson	TF3HP	Gunnarsbraut 36	105 Reykjavík	552 0157	hartor@hi.is
Haukur Konráðsson	TF3HK	Kambsvægi 7	104 Reykjavík	568 5212	haukur@raf.is
Heimir Konráðsson	TF1EIN	Kambahr. 20A	810 Hveragerði	483 4484	heimk@dvalaras.is
Henry Hálfðansson	TF3BY	Búagrunn 5	116 Reykjavík	566 7912	hry@gemini.is
Hilmar Arnason	TF6RXN	Silfurbraut 37	780 Höfn		478 1337
Hjalti Jóhannsson	TF3HJ	Hamrabyggð 34	220 Hafnarfjörður	565 2440	hjaltiljoh@islandia.is
Hrafnhildur Björnsdóttir		Krummahólum 6	111 Reykjavík	557 7167	
Hrafnkell Eiríksson	TF3HR	Lækjasmára 70	201 Kópavogur	554 4283	he@klaki.net
Hörður Tómasson	TF3HM	Dvergholti 5	220 Hafnarfjörður	867 4545	hmt@hi.is
Höskuldur Elíasson	TF3RF	Álftamýri 2	108 Reykjavík	553 0147	hoski@isholf.is
Ingimundur Björgvins	TF3-005	Ofanleiti 25	103 Reykjavík	821 8624	ingibj@mmedia.is
Jakob G. Kolbeinsson	TF3XON	Dvergabakka 36	109 Reykjavík	564 3319	jgk101@simnet.is
Jakob Helgason	TF3EJ	Sofienberggt 56-2	N-0563 Oslo, Norge		helgason@helgasondata.com
Jóhann G. Einarsson	TF6GE	Hafnargötu 4	710 Seyðisfjörður	472 1110	
Jóhann G. Sigfússon	TF3GSN	Stallaselí 6	109 Reykjavík	557 7802	
Jóhann Zoëga	TF6JZ	Miðgarði 20	740 Neskaupst.	477 1154	zoega@ismennt.is
Jón Ágúst Erlingsson	TF3ZA	Álftam. 14, 4HV	108 Reykjavík	568 7781	johnny13@torg.is
Jón Börkur Ákason	TF3JCN	Hátúni 6	105 Reykjavík	552 2813	jba@hi.is
Jón E. Berg	TF5DZ	Pósthólf 314	602 Akureyri	461 1745	joneberg@simnet.is
Jón G. Bergsson	TF3JX	Engihj. 9 fb.10D	200 Kópavogur	554 3036	tf3jx@isl.is
Jón G. Harðarson	TF3PPN	Viðiteigi 30	270 Mosfellsbær	566 7231	jongh@foldaskoli.is
Jón M. Brynleifsson	TF3JR	Breiðvangi 36	220 Hafnarfjörður	565-3614	j.magnus@isholf.is
Jón Svararsson	TF3LMN	Lindasmára 5	201 Kópavogur	564 1315	jonmotiv@emax.is
Jón Þ. Jónsson	TF3JA	Bollagötu 14	105 Reykjavík	567-0047	jonth@simnet.is
Jónas Friðgeirsson	TF3JF	Barðaströnd 31	170 Seltjarnarnes	561 2527	skyndihjalp@skyndihjalp.is
Jökull Jóhannsson		Akurholti 9	270 Mosfellsbær	566-7169	jokullj@simnet.is
Karl J. Lillendahl	TF3KJ	Hrisrima 5	112 Reykjavík	581 4220	tf3kj@hive.is
Kári Snær Valtingoer	TF6KZ	Fjarðarbraut 42	750 Stöðvarfjörður		
Kjartan Bergsteinsson	TF7VM	Herjólfsfg. 8 n.h.	900 Vestm. eyjar	481 1049	kjbergst@simnet.is
Kjartan Guðmundss.	TF3KKT	Birkivöllum 14	800 Selfoss	482-1262	diesel@islandia.is
Kolbeinn Sverrisson	TF3KST	Vesturgötu 17 A	101 Reykjavík	638 2026	tf3kst@mmedia.is
Konráð Þórisson	TF3KE	Móafliót 37	210 Garðabær	565-9096	tf3ke@centrum.is
Kristinn Andersen	TF3KX	Austurgötu 42	220 Hafnarfjörður	555 0028	kiddi@marel.is
Kristinn Danielsson	TF8KD	Steinahlíð 1C	603 Akureyri	461-1675	
Kristján Benediktsson	TF3KB	Barmahlíð 55	105 Reykjavík	551-8972	tf3kb@amsat.org
Kristþór B. Helgason	TF3TF	Pósthólf 1504	121 Reykjavík	566 7226	tf3tf@simnet.is
Leifur Guðmundsson	TF3LG	Bauganesi 31	101 Reykjavík	552-4199	
Loftur E. Jónasson	TF3LJ	Digranesheiði 41	200 Kópavogur	554-6538	loftur@gannet.is

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Marteinn Sverrisson	TF3MA	Langatanga 2	270 Mosfellsbær	566-6829	matthi@hi.is
Matthías Björnsson	TF5MF	Álfaklöpp	601 Akureyri	462 4099	
Matthías Hagvaag	TF3-035	Sogavegi 216	108 Reykjavík	553-5204	mathag@centrum.is
Niels J. Kristjánsson	VA6NJ/TF3NJ	1415 Renfrew D. N.E., Calgary, AB T2E-5J3, Kan	nkrstja@telus.net		
Oddur Rúnar Oddsson	TF3OO	Stengárdsvej 113	DK-6705 Esbjerg Ø, Danmark,	oro@hvippinn.is	
Ólafur B. Ólafsson	LX3TF/TF3ML	48a rou du vin, L-5447 Schwepsange, Luxemb.	island@pt.lu		
Ólafur Engilbertsson	TF3SO	Stararima 59	112 Reykjavík	587 3420	
Ólafur Þ. Guðjónsson	TF3MX	Ánalandi 6	108 Reykjavík	568 1517	olafur.g@isl.is
Óskar H Óskarsson	TF3OHN	Svöluási 22	221 Hafnarfjörður	898 7582	oskaros@hi.is
Óskar Sverrisson	TF3DC	Goðalandi 20	108 Reykjavík	588 3151	oskars@itn.is
Páll B. Jónsson	TF8PB	Ægisgötu 37	190 Vogar	557 6595	tf3pbn@simnet.is
Reidar J. Óskarsson	TF8RON	Rafnkelsstaðav. 8	250 Garður	422 7213	
Róbert Harry Jónsson	TF3TTY	Súluhólum 2	111 Reykjavík	698 9967	tf3tty@internet.is
Rúnar Valdimarsson	TF3RJ	Álfatúni 21	200 Kópavogur	588 7190	runarthv@simnet.is
Sigurbjartur Helgason		Vættaborgum 120	112 Reykjavík	567 5719	
Sigurður Benediktss.	TF5SLN	Suðurgötu 91	580 Siglufjörður	467 1588	sibe@simnet.is
Sigurður E. Davíðs.	TF5-252	Grænumýri 2	600 Akureyri	462 6768	
Sigurður Harðarson	TF3WS	Föggrubrekku 41	200 Kópavogur	568 4440	
Sigurður Ingi Pálsson	TF3AT	Spítalastíg 1A	101 Reykjavík		sigurduringi@gmail.com
Sigurður Ingólfsson	TF2SX	Hlésey	301 Akranes	566 7326	tf3sx@arrl.net
Sigurður J. Grímsson	TF3SRN	Fellsási 1	270 Mosfellsbær	892 3886	siggig@centrum.is
Sigurður Lýðsson	TF3BA	Flókagötu 10	105 Reykjavík	863 8057	
Sigurður S. Hreinsson	TF8SM	Melbraut 17	250 Garður	422 7109	tf8sm@simnet.is
Snorri Ingimarsson		Þjóttuseli 3	109 Reykjavík	893 6500	snorri@verk.is
Stefán Arndal	TF3SA	Roðasölum 4	201 Kópavogur	557 3230	
Stefán Þórhallsson	TF3S	Engihlíð 16	105 Reykjavík	561 1064	nenni@isholf.is
Steingrímur Sigfússon	TF3SZ	Stóragerði 36	108 Reykjavík	553 5108	steinis@simnet.is
Sveinbjörn Jónsson	TF8VET	Eyjaholti 7	250 Garður	552 8873	hamradio@simnet.is
Sveinn B. Sveinsson	TF3SNN	Engihjalla 19	200 Kópavogur	848 3916	tf3sn@simnet.is
Sverrir Helgason	TF3FM	Brunalandi 20	108 Reykjavík	553 7596	
Sæmundur Þorsteinss.	TF3UA	Kolbeinsmýri 14	170 Seltjarnarnes	561 7017	saemi@simi.is
Vala Dröfn Hauksd.	TF3VD	Móaföt 37	210 Garðabær	565 9096	tf3vd@centrum.is
Valdimar Einarsson	TF3VR	Baughúsum 29	112 Reykjavík	567 1953	
Valdimar Tryggvason	TF3VA	Hjallahlíð 12	270 Mosfellsbær	566 8045	tryggvason@isl.is
Valtýr Einarsson	TF1VG	Borgarhrauni 5	810 Hveragerði	557 2060	tf3vg@amsat.org
Vigdís B. Agnarsdóttir		Kleppsvegi 54	104 Reykjavík	894 9483	vigdisbjork@hotmail.com
Vilhjálmur Sigurjóns	TF3VS	Digranesv. 18 A	200 Kópavogur	564 1292	vilhj@vortex.is
Vilhjálmur Kjartansson.	TF3DX	Silungakvísl 10	110 Reykjavík	567 4013	tf3dx@mi.is, villik@hi.is
Völundur Jónsson	TF5VJN	Hamrab. 26 7hC	200 Kópavogur	554 6075	
Yngvi Harðarson	TF3YH	Háaleitisbr. 133	108 Reykjavík	568 4789	hardy@consulting.is
Þorkell Gunnarsson	TF3AA	Gnoðarvoggi 32	104 Reykjavík	553 6157	thorkell@isholf.is
Þorvaldur Stefánsson	TF4M	Otradal	465 Bíldudalur	456 2073	otradalur@gmail.com
Þorvaldur Sveinbjörns	TF3TS	Hraunbæ 103	110 Reykjavík		
Þór Magnússon	TF3TON	Bakkavör 20	170 Seltjarnarnes	896 1277	totim@simnet.is
Þór Þórisson	TF3GW	Flétturima 2	112 Reykjavík	568 0013	tf3gw@simnet.is
Ægir B. Bessason	TF3CB	Brúðvangi 2	220 Hafnarfjörður	555 1157	
Ægir Þór Ólafsson	TF2CT	Sundabakka 15	340 Stykkish.	438 1738	aolafs@simnet.is
Örn Ingólfsson		Granaskjólí 34	107 Reykjavík	848 3262	bobbi@simnet.is
Örnólfur Hall	TF3AH	Espigerði 2	108 Reykjavík	568 1619	

Félagatal þetta telur 133 almenna féлага og 7 heiðursféлага.

Félagsmenn eru hvattir til að skoða sína skráningu og láta vita til gjaldkera TF3AO ef hún er ekki rétt. Einnig eru félagar hvattir til að láta gjaldkera vita um breytt heimilisföng og netföng þannig að félagið geti komið þósti til ykkar.

Ársreikningur Í.R.A. 2005/2006

Ársæll Óskarsson gjaldkeri Í.R.A.

Rekstrarreikningur 01.04.2005-31.03.2006

Tekjur:	2005/2006	2004/2005
Félagsgjöld (105)+eldri=(10) (2004/2005=91) .	414.000	346.000
Vaxtatekjur	77.211	40.734
Aðrar tekjur.	79.200	80.944
Framlög.	3.500	4.000
Samtals.	573.911	471.678

Gjöld:

Húsaleiga	0	0
Bankakostnaður Bókhaldskostnaður	22.260	23.345
Póstkostnaður	17.700	10.372
Rekstur félagsstöðvar	14.793	10.286
Framkvæmdir í félagsaðstöðu	31.603	11.107
Erlend félagsaðild	11.971	12.138
Kaffi og meðlæti	20.107	32.145
Ljósritun/Pappír	8.650	14.390
Minningargjafir.	0	1.000
Annað	7.918	21.178
NRAU/IARU þing	74.343	0
Söluvarningur	0	73.449
Samtals.	209.345	209.410
Tekjur umfram gjöld	364.566	262.268

Efnahagsreikningur 31. Mars 2006/2005

Bankainnistæður	575.416	528.829
Verðbréfaeign	654.080	583.200
Áhöld, tæki og búnaður	965.188	788.625
Eignir samtals	2.194.684	1.900.654

Skuldir og eigið fé

Skuldir:

Skammtímaskuldir	0	70.536
Samtals skuldir	0	70.536

Eigið fé:

Höfuðstóll frá fyrra ári	1.830.118	1.567.850
Tekjur umfram gjöld ársins.	364.566	262.268
Skuldir og eigið fé samtals	2.194.684	1.900.654

Staður eða maður

Niels J. Kristjánsson TF3NJ/VA6NJ



TF3NJ/VA6NJ

Fyrir um það bil viku síðan áskotnaðist mér lampamóttakari en ég verð að viðurkenna að ég er haldinn alvarlegum veikleika þegar falleg lampatæki eru annars vegar.

Umrætt tæki er af gerðinni Hammarlund HQ-129X og þar sem ég stend við tækið og bíð eftir að lamparnir hitni og tækið fari að sýna lífsmark verður mér starsýnt á tegundarheitið og fór ég að velta því fyrir mér. Hammarlund hljómar þó nokkuð skandinavískt og ætli Hammarlund sé þá staður eða maður? Þar sem forvitnin var nú vöknúð fór ég að grenslast fyrir um tegundarheitið og kom í ljós að þetta var maður en ekki staður. Maðurinn hét Oscar Hammarlund og var fæddur í Svíþjóð 1861, nánar til tekið í Stokkhólmi. Sem námsmaður sýndi Oscar af sér mikla

hæfileika hvað varðaði allt tæknilegt og vann sér virðingu bæði skólafélaga og kennara. Að lokinni skólagöngu vann hann síðan hjá L.M. Ericson, stuttu síðar var honum boðin vinna í Ameríku (BNA) og flutti hann þangað 1882. Fyrst starfaði hann hjá fyrirtæki sem hét Elgin og ekki leið á löngu þar til hann vakti athygli Western Electric Co. og vann þar næstu árin. Næst starfaði hann hjá Gray National Telegraph Co. sem hönnuður og framleiðslustjóri. Í þessu starfi gat hann fylgst vel með framvindu mála á fyrst árum útvarpstækninnar. Því má skjóta hér inn að Oscar fann upp, ásamt öðru, það sem við köllum í dag skrufblýant þó svo að hann hafi ekki gert sér fulla grein fyrir notagildinu á þeim tíma. Sívaxandi áhugi Oscars á öllu því sem viðkom útvarpstækninni varð til þess að hann stofnaði fyrirtæki til rannsókna og jafnframt til þess að þróa sínar eigin hugmyndir. Farsæld Hammarlund Manufacturing Co. var byggð á miklum



rannsóknun og eigin hönnun snemma á ferli fyrirtækisins sem borgaði sig síðan þegar útvarpstækni var orðin að raunveruleika árið 1919. Frá 1920 var fyrirtækið orðið leiðandi afl í framleiðslu og tækni framförum enda fyrstir á markaðinn með alls kyns tækni nýjungar eins og t.d. Mið-Línu Gangþétti, heterodyne (há/lágsláttar) viðtæki fyrir stuttbylgju, fyrsta “band-spread” skalann fyrir amatör tíðnir, slagvaka (beat osc.) kvarðaðann í kHz. Bókstaflega tugir af nýjungum voru í viðtækjunum frá Hammarlund. Þegar saga fyrirtækisins er skoðuð sést að fyrirtækið óx og dafnaði en því miður var sú saga ekki vel skjalfest og hefur að mörgu leiti horfið í gleyskunnar gröf. Hammarlund framleiddi ýmislegt annað en útvörp og má til nefna apparat sem kallað var “Armagraph” og var notað til að þjálfra menn í morsinu. Hjarta þessa tækis var diskur með raufum og þegar hann var látinn snúast þá náðu snertur sambandi gegnum raufarnar og sendu morsið. 1925 fór fyrirtækið að framleiða ósamsett útvörp, það sem á slæmri Íslensku er kallað “kitt” og eru talin vinsælustu sett sem framleidd hafa verið og skörtuðu rásum sem voru á undan sinni samtíð. Hammarlund hafði lengi sérhæft sig í framleiðslu á vönduðum gangþéttum og voru þeir notaðir í 90% af fjarskiptatækjum Ameríska hersins í síðari heimstyrjöldinni. Þegar mest gekk á var framleiðslan 10 milljón þéttar á mánuði hjá tíu mismunandi framleiðendum. Tækin sem Hammarlund var þekktast fyrir var HQ-120/129 línan og þegar HQ-120 sá dagsins ljós 1938 var tækið langt á undan sinni samtíð og til að mynda var móttakan frá 540 kHz til 30 MHz með sér merkingum fyrir amatör tíðnirnar á þeim tíma. Þessi tæki voru framleidd til 1960. Fyrstu prentuðu rásirnar voru notaðar 1955 og farið að ramleiða senda kringum 1960. Þegar farstöðvarnar ruddu sér til rúms (CB) framleiddi Hammarlund stöðvar fyrir

Lafayette, Allied Radio og Radio Shack. Til þess að vera eins lítið upp á aðra framleiðendur komnir þá framleiddi Hammarlund verksmiðan allt sem til framleiðslunnar þurfti, frá skrúfum upp í fullmálaða og merкта kassa. Oscar gamli Hammerlund þekkti hvern einasta starfsmann persónulega og var fjölskyldu stemning ríkjandi í fyrirtækinu. Þegar Oscar dó 1945 tók sonur hans Lloyd Hammarlund við og hélt fyrirtækið áfram að dafna undir hans stjórn. Seint á 50 áratugnum var fyrirtækið selt til Telechrome og nokkrum árum síðar til Giannini Scientific. Rétt fyrir 1970 var fyrirtækið selt í síðasta skifti til Electronic Assistance Corporation (EAC) og milli 1972 og 1973 var verksmiðjunni svo lokað og sögu eins merkasta fyrirtækis í útvarpsframleiðslu þar með endanlega lokið. Ég hef stiklað á stóru enda ekki hægt að gera svona sögu viðhlýtandi skil í stuttum greinar stúf. Næst þegar ég kveiki á Hammarlundinum og bíð eftir að lamparnir hitni sé ég kannski í hugskoti mínu daufa mynd af Oscari gamla Hammarlund og mun ég þá í huganum kinka til hans kolli með þakklaeti.

73 de Níels J. Kristjánsson
TF3NJ / VA6NJ

TF á DX-Summit

Mér hefur verið bent á að ekki er allt frá oh2aq.kolumbus vistað á oh2w.kolumbus. Meira er að treysta þeim tölum sem KB9AM kynnir á sinni heimasíðu (http://kb9amg.slyip.com/markd_Hlt132369923/Hlt132369923KB9AMG/top_dx_spots/by_callsign/tf.html). Venjulega skiptir þetta engu máli en árið 2005 var lítill munur manna á milli og skrifaði ég “TF4M er enn í 1. sæti en TF3XEN fylgir fast á eftir.” Ef tölurnar frá KB9AM eru skoðaðar kemur annað í ljós og er TF3XEN í fyrsta sæti en TF4M fylgir fast á eftir með TF3CW í þriðja sæti og TF3ZA í fjórða. En

Framhald á síðu 15

Iðrun QSL syndgara

Kristinn Andersen TF3KX



TF3KX

Ég viðurkenni synd mína! Væri ég kaþólskur gæti ég kannski skrifað hjá prestinum mínum, en því er nú ekki að heilsa. Og allt þetta snýst um “staðfest sambönd”. Nei, ég er ekki að tala um staðfesta sambúð og þess háttar mál, sem ég læt kirkjunnar klerkum eftir að vinna úr...

Staðfestu samböndin mín eru þau radiósambönd sem staðfest eru með QSL kortum – og þar hef ég farið heldur illa út af sakramentinu. Með þessum línunum ætla ég fara nokkrum orðum um hvernig ég hrasaði í þeim efnum og hvernig mér tókst að komast aftur á rétta braut.

Það er alltaf nokkur hluti amatöra sem sendir ekki QSL kort. Stundum er sagt að QSL kortið sé loka-punkturinn aftan við radió-sambandið og víst er að það veldur mörgum vonbrigðum ef QSL kort skilar sér ekki eftir langþráð samband við amatörstöð á Íslandi. Þeir sem safna kortum til að afla sér viðurkenninga (t.d. DXCC fyrir sambönd við 100 lönd) þurfa oft að hafa mikið fyrir að ná samböndum við lönd þar sem fáir amatörar eru virkir og ekki bætir þá úr ef QSL kortin berast seint eða jafnvel aldrei.

CQ TF maí 2006

Hvers vegna eru QSL kort ekki send?

Fyrir því kunna að vera ýmsar ástæður. Skrif QSL korta getur útheimt talsverða vinnu og sumir setja spurningamerki við að eyða tíma sínum í “skriffinnsku” frekar en að vera í loftinu, hanna loftnet eða smíða tæki. Þótt tölvur einfaldi núna útskrift QSL korta þarf oft einhverjar tilfæringar, merkja þarf við þau kort sem á að prenta út, setja prentarann upp, o.s.frv. Stundum eru QSL kortin einfaldlega búin og líður nokkur tími þar til nýtt upplag hefur verið prentað. Þá eru þeir til sem af prinsipp ástæðum (hvernig sem þær eru til komnar eða rökstuddar) senda alls ekki QSL kort.

Ég fékk fyrsta radióleyfið mitt árið 1975 og notaði kallmerkið TF3KX til ársins 1982, er ég fluttist til náms í Bandaríkjunum. QSL kortum sem bárust mér hér á Íslandi, meðan ég bjó í Bandaríkjunum, hef ég ekki getað svarað þar sem radiódagbækur glötuðust í geymslu meðan ég var erlendis. Hins vegar svaraði ég kortum sem ég fékk fyrir sambönd í Bandaríkjunum, sem W4/TF3KX og síðar AB4ST. Eftir heimkomu var sending QSL korta þó slitrótt þar til í fyrra og þar má að talsverðu leyti kenna um trassaskap, því kortin átti ég vissulega prentuð í snyrtilegum

stöflum. Öllu breytti þegar ég loks fékk mér tölvu í radióherbergið, sló inn í hana öll þau sambönd sem ég átti skráð og hef síðan skráð þannig samvirkusamlega hvert samband sem ég hef haft. Óhætt er að segja að tölvuskráning radiósambanda auðveldar alla QSL umsýslu og verkar hvetjandi til að halda utan um staðfest radiósambönd.

Yfirlit

Það tók drjúgan tíma sumarleyfisins í fyrra að slá inn þau þúsund sambanda sem ég átti handskrifuð, en fyrir stóran hluta þeirra hafði ég fengið QSL kort sem þurfti að svara. Þá stóð ég frammi fyrir óþægilegri spurningu: Átti ég nú að senda kort til allra þeirra sem höfðu sent mér kort fyrir löngu, jafnvel fyrir allt að 15 árum eða meira? Mundi ég gera mig að fifli, mundu þeir reiðast og senda mér tóninn, eða yrðu menn þakklátir fyrir að fá þó kort frekar seint en aldrei? Ég afréð að prenta kortin út, lét tölvuna bæta við stuttri afsökunarbeiðni fyrir töfina og sendi þau.

Viðtökurnar urðu að örfá voru endursend þar sem viðtakandi fannst ekki (hugsanlega fluttur, óvirkur eða jafnvel “silent key”), örfáir sendu mér þakkir fyrir síðbúin kort, en neikvæð viðbrögð fékk ég hvergi. Ég tel því ákvörðunina um að senda kortin hafa verið rétta, þótt seint

væri.

Boðskapurinn

QSL kortum á að svara, því vissulega eru þau lokapunkturinn við radiósambandið – sönnun þess að það hafi átt sér stað. Fyrsta skrefið er að hafa reglu á radiódagbókinni og kortunum. Hafa tiltekinn stað þar sem ósvörðum kortum er safnað og annan þar sem kortin eru sett eftir að þeim hefur verið svarað aftur með QSL korti. Tölvutæk radiódagbók léttir skráningarnar og skrif kortanna og hún veitir aðhald og upplýsingar um stöðu QSL mála.

Sumir láta sér nægja rafræn QSL, t.d. í gegnum eQSL kerfið eða “Logbook Of The World”, og nánast fyrirhafnarlaust er að svara slíkum beiðnum. Enn sýnist mér þó allmargir, líklega meirihluti amatöra, nota hefðbundnu pappírskortin.

Það er trúlega aldrei of seint að taka sig á og byrja á að svara kortum fyrir löngu liðin sambönd. Fyrsta skrefið kann að vera erfitt, hér hefur þá einn hinna syndugu gert yfirlit og vonandi vísað öðrum veginn sem kunna að vera í sömu stöðu.

73 de Kiddi TF3KX

TF á DX Summit frh.

ekki er allt sem sýnist. Jón Ágúst (TF3XEN) fékk nýtt kallmerki í október (TF3ZA) og má það teljast gott að vera bæði í fyrsta og fjórða sæti. Venjulega hef ég lagt saman tölurnar fyrir þá sem hafa haft fleiri kallmerki á árinu og verður þá loka niðurstaðan:

Jón Ágúst (TF3XEN og TF3ZA) 963

Þorvaldur (TF4M) 710

Sigurður (TF3CW) 315

Gd DX, LA0BX sigfus@start.no

Tillaga til breytinga á lögum Í.R.A.

17. 6. 2005

Tillaga til breytingar á lögum ÍRA frá TF3VS:

Við 15. grein bætist: Rita skal fundargerð félagsfundar og birta með sama hætti og fundargerð aðalfundar.

4. liður 19. greinar verði: Athugasemdir við fundargerð síðasta aðalfundar, ef einhverjar hafa borist, ræddar og bornar undir atkvæði.

Við bætist grein á eftir 22. grein, í kaflanum um aðalfund, og færast síðari greinar til í samræmi við það:

23. Fundargerð aðalfundar skal birta í fyrsta útgefna CQ-TF eftir aðalfund. Berist ekki athugasemdir við hana frá neinum er sat fundinn innan 6 mánaða frá birtingu telst fundargerð rétt, annars skulu athugasemdir kynntar með fundarboði næsta aðalfundar og úrskurðar sá aðalfundur með einfaldri atkvæðagreiðslu um það hvort fundargerð skuli breytt.

Skýringar:

Lestur fundargerðar 'síðasta aðalfundar' tekur óþarflega langan tíma í störfum fundarins. Jafnframt er það í hæsta máta óeðlilegt að fundarmenn samþykki eða synji fundargerð fyrir fund sem þeir jafnvel ekki sátu. Birting fundargerðar sem fyrst eftir aðalfund og köllun eftir athugasemdum ætti því best að tryggja að allt sé rétt bókað.

Ævintýraferð í Otradal

Þór Þórisson TF3GW



TF3GW

Nú á vormánuðum fæddist sú hugmynd hjá Vilhjálmí TF3DX og Þorvaldí TF4M óðalsbónda í Otradal að gaman væri að efna til ferðar vestur í Otradal þar sem sem flestir félagar Í.R.A. gætu hist og átt góða stund saman.

Ferðin er ráðgerð fyrstu helgina í júní þ. e. um hvítasunnuhelgina og áætlað er að mæting fyrri vestan verði á laugardeginum 3. júní og væntanlega verður farið heim á mánudeginum 5. júní.

Dagskráin verður frjálslæg en Þorvaldur ætlar að fara í smá gönguferð um landareignina og fræða viðstadda um svæðið. Þá ætlar Villi og ef til vill Kristján TF3KB að fræða viðstadda um loftnetin sem eru meðal annars öflug rombic loftnet sem ekki eru algeng í loftnetabúgörðum amatöra.

Gert er ráð fyrir að þeir sem ætli sér að fara ferðist á einkabilum annaðhvort einir eða slái sér saman í bíla og taki með sér mat og svefnpoka. Það er hægt að fá gistingu fyrir nokkra hjá Þorvaldí ýmist í rúmi eða dýnum. Ef það kemur í ljós að meiri gistingu vantar þá er hægt að fá hana inná Bíldudal og ef til vill í nærliggjandi bænda-gistingu.

Til að auðvelda alla framkvæmd þá er æskilegt að þeir sem hug hafa á því að fara hafi samband við Þorvald eða við undirritaðan sem fyrst.

Sjáumst í Otradal og njótum samverunnar í faðmi vestfirskra fjalla og um leið að taka í "fullkomna" radióamatörstöð.

73 de TF3GW Þór Þórisson

Aðalfundur Í.R.A. 2006

Aðalfundur Í.R.A.

**Verður haldinn í
húsnæði félagsins í
þjónustumiðstöð ÍTR
að Skeljanesi í Reykjavík**

**Laugardaginn 20. maí 2006
kl. 14.00**

**Fundarefni:
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál**

Félagar Í.R.A. eru hvattir til að fjölmenna

Stjórn Í.R.A.